

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 24. júlí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2008:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 14. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kostnaðar við flutning á ísskápum sem hann telur að seljandi, Y, eigi að greiða. Nemur krafa hans á hendur fyrirtækinu kr. 22.000.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 22. apríl sl. Seljandi ritaði kæruneftndinni bréf, dags. 5. maí, og kvaðst þurfa ákveðnar upplýsingar frá álitsbeiðanda áður en hann gæti skilað andsvörum. Kæruneftndin ritaði álitsbeiðanda bréf, dags. 9. maí og sendi með því bréf seljanda. Svör álitsbeiðanda bárust nefndinni 19. maí. Kæruneftndin ritaði seljanda bréf, dags. 5. júní, og sendi með því svarbréf álitsbeiðanda. Í bréfinu gaf kæruneftndin seljanda aftur kost á því að skila andsvörum og bárust þau nefndinni 16. júní. Með bréfi, dags. 19. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 1. júlí sl., var aðilum tilkynnt að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt stóran ísskáp hjá Y síðastliðið sumar og flutt hann sjálfur í sumarbústað sinn uppi í Borgarfirði. Ísskápurinn hafi reynst gallaður og hafi seljandi fallist á að leggja til nýjan ísskáp. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið fram á það við seljanda að hann kostaði flutninginn á ísskápnum upp í Borgarfjörð og héldi sér þannig skaðlausum af viðskiptunum. Því hafi seljandi neitað en boðist til þess að kosta flutning aðra leiðina upp í Borgarnes. Um páskaleytið hafi hann gert aðra tilraun til þess að fá niðurstöðu í málið, en þá hafi hann verið búinn að semja við sendibílstjóra um fasta greiðslu, kr. 22.000 auk virðisaukaskatts, og verður að skilja það svo að samningurinn hafi náði til flutningskostnaðar á nýja skápnum upp í sumarbústaðinn og þeim gallaða til baka. Þessu hafi seljandi hafnað. Álitsbeiðandi segist hafa farið á fund seljanda 10. apríl sl. og hafi hann þá sagt að fyrra boð um að senda ísskápinn upp í Borgarnes stæði enn. Sem annan kost hafi hann boðist til að endurgreiða ísskápinn eða að kaupin gengu til baka. Álitsbeiðandi kveðst hafa hafnað því. Álitsbeiðandi segir boð seljanda óásættanlegt af því að ísskápurinn sé minnst tveggja manna tak og flutningur til baka á gallaða skápnum, sem ekki sé í upprunalegum flutningsumbúðum, sé vandasamur þar sem koma verði í veg fyrir að hann verði fyrir hnjaski.

Ekki þykir ástæða til þess að rekja beiðni seljanda um sérstakar upplýsingar frá álitsbeiðanda, sbr. bréf hans frá 5. maí sl., og svör álitsbeiðanda við því bréfi.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að fyrirtækið hafi ekki haft nein tók á því að kanna hvort ísskápur álitsbeiðanda sé gallaður eða ekki, enda ekki föst búseta þar sem skápurinn sé niðurkominn. Seljandi kveðst líta svo á að það sé klárlega ósanngjarnt að ætlast til þess að hann sjái um greiðslu alls kostnaðar sem hljótist af viðgerð eða afhendingu þegar hluturinn sé í frístundabyggð utan alfaraleiðar, sbr. 29. gr. laga nr. 48/2003. Sem lausn á málinu kveðst seljandi hafa boðið álitsbeiðanda nýjan ísskáp en álitsbeiðandi kæmi með þann sem eigi að vera gallaður til baka til seljanda.

#### V

##### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir þykir kærunefndinni mega byggja á því að ísskápur sá sem álitsbeiðandi upphaflega keypti sé gallaður og var því um vanefnd að ræða af hálfu seljanda í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003. Í 26. gr. laganna er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Af því sem kemur fram í álitsbeiðni og öðrum gögnum málsins er ljóst að seljandi hefur fallist á að afhenda álitsbeiðanda nýjan ísskáp í stað þess gallaða, en hins vegar er ekki fyllilega ljóst hvort afhendingin hefur farið fram eða ekki. Hefur með þeim hætti verið bætt úr gallanum á ísskápnum sem álitsbeiðandi keypti í samræmi við b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003, þar sem kveðið er á um það að reynist söluhlutur gallaður geti neytandi valið á milli úrbóta og nýrrar afhendingar. Í 2. mgr. 26. gr. er kveðið á um það að réttur neytanda til skaðabóta falli ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram. Þetta ákvæði felur í sér að hafi neytandi orðið fyrir meira tjóni en ný afhending söluhlutar fær bætt á hann rétt á bótum fyrir það tjón í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 48/2003. Í 1. mgr. þeirrar lagagreinar segir að skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skuli svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefnda. Í athugasemdum við 52. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2003 segir að undir útgjöld sem kveðið er á um í 1. mgr. falli kostnaður sem aðili hafi orðið fyrir vegna vanefndanna, t.d. kostnaður vegna póst- og skeytasendinga, flutninga og ferðalaga. Samkvæmt því sem að framan greinir er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að bæta álitsbeiðanda þann kostnað sem fylgir því að koma nýjum ísskáp á þann stað þar sem gallans á fyrri ísskápnum varð vart og gallaða ísskápnum til baka til seljanda. Kærunefndin álitur að þennan kostnað hafi mátt sjá fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndanna í skilningi síðari málsliðar 1. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2003 og ekki skipti máli hvort um styttri eða skemmri vegalengd er að ræða.

Álitsbeiðanda krefst þess að seljandi greiði kr. 22.000 vegna flutningskostnaðar og segist hafa samið við sendibílstjóra um flutning á ísskápunum fyrir þá fjárhæð. Kærunefndin álitur að hér sé um sennilega kostnaðartölu að ræða og beri seljanda því að greiða álitsbeiðanda kr. 22.000.

**VI**

**Álitsorð**

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, kr. 22.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir